

Efni: Skýrsla Suðurlandsdeildar félagsráðgjafa.

Suðurlandsdeild félagsráðgjafa hefur ekki haft skipulagðan viðburð á síðasta starfsári en til stendur að efna til fræðsluferðar í byrjun september til Vestmannaeyja. Erfiðast er að finna tíma sem hentar því faghópurinn er bæði önnur kafinn í mikilvægum verkefnum en einnig er starfssvæðið stórt og búseta víðferm.

Félagsráðgjafar á suðurlandi vinna engu að síður þétt saman og hafa reglulega samráð varðandi þá þjónustu sem þeir veita á sínum starfsstað. Oft eru samskipti á sameiginlegum fundum sem snúa að þjónutuveitingu en einnig nú varðandi breytingar á tryggingakerfinu.

Lítil virkni hefur verið á Facebooksíðu deildarinnar en þar eiga sér þó stað samskipti sem efla tengsl og einnig upplýsingar um laus störf félagsráðgjafa á svæðinu.

Félagsráðgjafar sem hafa sinnt hlutverki starfsþjálfunarkennara, hafa samskipti sín á milli og veita nemum sínum tækifæri til að kynnast þjónustu annarra starfsstaða á námstímanum. Teljum við það mikilvægt í námi félagsráðgjafanema að fá innsýn inn í þau úrræði og þjónustu sem veitt er á svæðinu samhliða því að læra á sínum starfsþjálfunarstað.

Með kveðju,
Svanhildur Ólafsdóttir
Félagsráðgjafi MA